

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1996

19. júlí 1996

1081

Nr. 403

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291/1995,
um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 31. ágúst 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

12. júlí 1996

Nr. 404

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1996.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 268 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1996, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1996 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölnkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

Gutenberg

B 75

2. gr.

Veðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	Kýr	Samtals
Svæði 1	9	12	21
Svæði 2	32	38	70
Svæði 3	13	22	35
Svæði 4	7	9	16
Svæði 5	12	14	26
Svæði 6	20	22	42
Svæði 7	12	16	28
Svæði 8	12	10	22
Svæði 9	8	0	8
Alls:	125	143	268

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga á veiðisvæðum sbr. 4. gr. með hliðsjón af ágangi hreindýra.

3. gr.

Tarfaveiði miðast við tveggja vetra og eldri tarfa en veturgamlir tarfar eru alfriðaðir. Auk ofangreindra veiðiheimilda er ætlast til að kálfar, sem fylgt hafa felldum kúm, séu einnig felldir, sé þess kostur.

4. gr.

Veðisvæðin ná yfir eftirtalin sveitarfélög:

Svæði 1

Öxarfjarðarhreppur
Skeggjastaðahreppur
Vopnafjarðarhreppur
Hlíðarhreppur
Jökuldalshreppur norðan Jökulsár á Brú

Svæði 2

Jökuldalshreppur austan Jökulsár á Brú
Fljótsdalshreppur
Fellahreppur
Tunguhreppur
Skríðdalshreppur vestan Grímsár, Geitdalsár,
Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Vallahreppur vestan Grímsár

Svæði 3

Hjaltastaðahreppur
Borgarfjarðarhreppur
Eiðahreppur

Svæði 4

Seyðisfjarðarkaupstaður
Mjóafjarðarhreppur
Egilsstaðabær
Vallahreppur austan Grímsár
Reyðarfjarðarhreppur

Svæði 5

Neskaupstaður
Eskifjarðarbær

Svæði 6

Skríðdalshreppur austan Grímsár, Geitdalsár,
Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Búðahreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Stöðvarhreppur
Breiðdalshreppur

Svæði 7

Djúpavogshreppur

Svæði 8

Bæjarhreppur
Hornafjarðarbær austan Hornafjarðarfljóts
(áður Nesjahreppur og Höfn í Hornafirði).

Svæði 9

Hornafjarðarbær vestan Hornafjarðarfljóts
(áður Mýrahreppur).

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta Hreindýraráð og Veiðistjóraembættið heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðiheimildum svæða 1, 4, 6 og 7 á svæði 2 með þeim takmörkunum er hér greinir enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 1 á þeim hluta svæðis 2 sem Jökuldals-hreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 4 á þeim hluta svæðis 2 sem Vallahreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 6 á þeim hluta svæðis 2 sem er austan Kelduár í Fljótsdalshreppi.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 7 á þeim hluta svæðis 2 í Fljótsdals-hreppi sem er austan Kelduár að Flatarheiði.

6. gr.

Heimild þessi er veitt skv. 6. gr. reglugerðar nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða frá 13. júlí 1994, sbr. og 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurður Á. Práinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, staðgreinireitur 1.817.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 12. júlí 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010 að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit 1.817.

Breytt er landnotkun þannig að íbúðasvæði verður að hluta stofnanasvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Þórður H. Ólafsson.